

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.**

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2010 skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 20.000
Frístundahús	kr. 6.000
Stærri býli (mjólkurframleiðsla)	kr. 10.000
Minni býli og aðrir búfjáreigendur	kr. 5.000

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum eru skv. gjaldskrá Flokkunar Eyjafjarðar ehf.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi nr. 27/2009.

*Svalbarðsstrandarhreppi, 8. desember 2009.*

**Árni K. Bjarnason** sveitarstjóri.